


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS	Vefnaður103	
Síða 1 af 2	Kennsluáætlun í VEF103 Vor 2011	

Kennari	Ragnheiður Björk Þórsdóttir	Sk.st.	RPÓ
----------------	-----------------------------	---------------	------------

Áfangalýsing:

Í þessum fyrsta áfanga í vefnaði vefa nemendur a.m.k. tvö stykki, bandáferð og þráðaráferð og þrjár prufur. Lögð er áhersla á einskeftuvefnað, vaðmál og ormeldúk í prufum. Í stykkinu með bandáferðinni, sem gjarnan er taska, borðdregill eða veggstykki, er lögð áhersla á einskeftu og rósabandsvefnað. Í stykkinu með þráðaráferð er lögð áhersla á vaðmál, samsetta bindingu eða ormeldúk. Nemendur taka virkan þátt í sem flestu er varðar uppsetningu á voð í vefstól, en ekki er ætlast til að þeir reikni út í uppistöðu eða bindi upp skemla og skammel í þessum áfanga. Miðað er við að notaðir séu trissustólar, fjögur til fimm sköft og fjögur - sex skammel.


Markmið:

- að nemendur kynnist vefstólum, læri að rekja í vef.
- að nemendur kynnist uppsetningu á slöngu og setja upp í vef í vefstól.
- að nemendur læri að þekkja og tileinka sér einskeftu, vaðmál, ormeldúk og rósaband í verkum sínum og noti fjögur til fimm sköft og fjögur til sex skammel.
- að nemendur noti mismunandi þræði eða efni í verk sín s.s. niðurrifið efni, ullarband, bómull og hör.

Helstu verkefni í VEF 103 eru:

- Til dæmis tuskumotta (stærð 1m x 1.50m) einskefta og/eða vaðmál, salún vefur, eða önnur einföld samsett binding.
- Stykki ofið úr ullarbandi eða hör með rósabandsáferð og skal það vera ca 50 x 70 cm á stærð.
- Prufa/prufur í einskeftu, vaðmáli, ormeldúk eða samsettri bindingu, mappa með vinnuteikningum og útreikningum á uppsettri voð.

Vika	Námsefni
02.01. 11	Kynning á vefstól, vefstofu og tækjum sem tilheyra henni. Nemendur rekja í slöngu og ákveðið er hvort þeir byrja á grófu eða fínu stykki. (Þ.e.s. tuskumottu, rósabandsvef eða prufustykki.)
3. - 6.	Uppsetning á vef og vinna í vefstól.
7. - 10.	1. stykki ofið og/eða prufur ofnar.
11.-13.	2. stykki ofið og/eða prufur. Nemendur skipta um vefstól og vefa sitt annað stykki.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS	Vefnaður103	
Síða 2 af 2	Kennsluáætlun í VEF103 Vor 2011	

14.-17.	Nemendur vinna sitt seinasta stykki og frágangur á ofnum stykkjum og möppuvinna er í seinustu vikunni.
---------	--

Tegund	Námsgögn
Bækur	Fagbækur, vefnaður, myndlist og textill. Bindifræði Sigríðar Halldórsdóttur (ljósrit í vefstofu og á bókasafni VMA). Óútgefið efni eftir kennara.
Tímarit	Vefnaðartímarit

Námsmat	Lýsing	Vægi
Tuskumotta/salún	Einskefta eða vaðmál/salúnvefnaður	25 %
Fínt stykki	Rósabandsáferð, ull eða hör	40 %
Prufur og uppskriftir	Prufumappa með uppskriftum	25 %
Frammistaða á önn	Ástundun og vinnubrögð	10 %

Fjarvistir:

Fjarvistastig í þessum áfanga eru hámark 9 stig eða 9 kennslustundir. Ef að fjarvistir verða fleiri verða nemendur að leita til síns kennslustjóra og sækja um leyfi til áframhaldandi setu í áfanganum.

Innkaup:

Mappa A4. Nemendur setja hugmyndir sínar, skissur, uppskriftir og prufur í möppu. Einnig er gott að vera með skissubók reiknivél og skriffæri. Efni er til staðar í skólanum og þurfa nemendur að kaupa það sjálfir. Efnisgjöld áfangans eru dregin frá þeirri upphæð. Sú upphæð dugar yfirleitt fyrir því efni sem notað er í 103.

Verkefni sem ekki verða sótt á skiladegi annarinnar verða geymd í 1 ár án ábyrgðar!

Með fyrirvara um breytingar

Ragnheiður Björk Þórsdóttir

Netfang: ragga@vma.is

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils